



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Til sveitarfélaga sem aðilar eru að héraðsskjalasafni

Ísafjarðarbær MÓTTAKJÓÐ
04. jan. 2019
Málsnr. <u>2019-01-0041</u>
Frumrit - skilust til skjalasafns

Reykjavík 18. desember 2018
Tilv. 1812083/1.5.4

Efni: Skýrsla um starfsemi héraðsskjalasafna

Meðfylgjandi eru tvær skýrslur sem unnar eru úr eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns Íslands með starfsemi héraðsskjalasafna sem fram fór á árinu 2017.

Í fyrsta lagi er skýrsla um starfsemi héraðsskjalasafnsins sem sveitarfélagið er aðili að. Í upphafi skýrslunnar er að finna inngang, meginniðurstöður og athugasemdir Þjóðskjalasafns við starfsemi héraðsskjalasafnsins. Þess er óskað rekstraraðilar héraðsskjalasafnsins bregðist við athugasemdum um starfsemina og sendi Þjóðskjalasafni Íslands fyrir 31. október 2019 tímasetta áætlun um hvernig staðið verði að úrbótum.

Í öðru lagi fylgir með heildarskýrsla með samanteknum niðurstöðum um starfsemi allra 20 héraðsskjalasafna sem í landinu starfa. Vakin er athygli á köflum 2 og 3 en þar er að finna meginniðurstöður um starfsemi héraðsskjalasafna og tillögur til úrbóta. Ljóst er að starfsemi héraðsskjalasafna er víða áfátt. Hvatt er til þess að sveitarstjórnastigið í samstarfi við ríkisvaldið skoði málaflökkinn í heild sinni og leiti heildstæðra lausna.

Virðingarfyllst,

Eiríkur G. Guðmundsson
Þjóðskjalavörður